

066/00 - Bv. Haraldur Böðvarsson AK-12

Haraldur Böðvarsson AK-12, skipverji slasast þegar vargakjafur slæst í hann

Bv. Haraldur Böðvarsson AK-12

Skipaskr.nr.: 1435

Smíðaður: í Noregi 1975 úr stáli

Stærð: 299,08 brl; 562,00 bt

Lengd: 46,47 m **Breidd:** 9,00 m **Dýpt:** 6,55 m

Vél: MAK 1.104,00 kW **Árgerð:** 1975

Annað:

Földi skipverja: 15



Haraldur Böðvarsson ©Fiskifélag Íslands

Atvikalýsing

Hinn 2. febrúar 2000 var bv. Haraldur Böðvarsson AK-12 að veiðum á Melsekk. Veður: suðvestan 4 vindstig.

Skipverjar voru að hífa inn veiðarfæri og var komið að því að hífa upp bakstroffurnar. Til að hífa upp bakstroffurnar var notaður falur byssunnar en byssukróknum lásað frá. Ekki var búið að tengja byssufalinn, sem er úr DYNEX-ofurtógi, við bakstroffurnar, en báðar bakstroffurnar eru hífðar upp með byssunni, þegar híft var í byssufalinn. Við það rifnaði festingin fyrir byssukrókinn úr skutrennulunningunni og slóst aftur eftir þilfarinu. Lenti búnaðurinn sem rifnaði frá á einum skipverja sem slasaðist við það. Hlúð var að hinum slasaða um borð samkvæmt læknisráði og skipinu siglt til næstu hafnar þar sem skipverjanum var komið til frekari aðhlynningar.

Við rannsókn kom fram

- að notaður var G-lás til að tengja byssufalinn við byssukrókinn sem auðveldaði að skipta um;
- að byssuspilið er staðsett bakborðsmegin á veiðarfæraþilfari og talið að stjórnandi þess hafi haft góða yfirsýn yfir vinnusvæðið þar sem verið var að gera klárt til að hífa upp bakstroffurna;
- að ekki er alveg ljóst hvort kengurinn sem rifnaði úr lunningunni var notaður aftur eða nýr fenginn;
- að vaktformaðurinn gerði athugasemd við skráningu sína en hann var skráður háseti og sagðist hafa verið sem stýrimaður um borð þegar atvikið varð. Því til áréttingar sagðist hann hafa launaseðil.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins hafi verið ógætileg hífing þar sem stjórnandi vindunnar átti að hafa góða yfirsýn yfir vinnusvæðið.